Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík
postur@uar.is


www.umhverfissinnar.is

24. október 2019

Nánari athugasemdir við drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur ásamt viðauka


Ungir umhverfissinnar (UU) vísa til fyrri umsagnar um drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur ásamt viðauka, dags. 26. ágúst 2019, en leggja jafnframt fram eftirfarandi athugasemdir í ljósi nýrra upplýsinga.

1. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (UAR) hefur ekki gert samanburð á starfsleyfisskyldu annars vegar og skráningarskyldu hins vegar, þrátt fyrir að kveðið sé á um slíkt í greinargerð laga nr. 66/2017 (376. mál 146. löggjafarþings) sem umrædd reglugerðardrög byggja á.
    - Slík vanræksla er brot á réttmætisreglu stjórnsýsluréttar og vekur jafnframt sérstaka furðu þar sem UAR var sá aðili sem samdi umrætt lagafrumvarp og greinargerð þess. UAR hefur látið hjá liggja að sýna fram á þennan samanburð þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og upplýsingabeiðnir UU, sbr. II. viðauka ársskýrslu UU 2018-2019.
2. Reglugerðardrögin í núverandi mynd fela í sér aukið flækjustig regluverks í formi fjölgunar stofnana sem fyrirtæki þurfa að eiga í samskiptum við. Þetta er í þversögn við yfirlýst markmið reglugerðarinnar um einföldun regluverks.



Núverandi fyrirkomulag (til vinstri) og tillögð reglugerðarbreyting (til hægri).

3. Reglugerðardrögin í núverandi mynd fela í sér afnám úttekta á starfsemi áður en fyrirtækjum er veitt heimild til að starfa. Þetta skapar aukna áhættu fyrir umhverfi, almenning og fyrirtæki og fer gegn markmiðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.



Afnám úttekta skapar aukna áhættu fyrir umhverfi, almenning og fyrirtæki.

UU telja að undirbúningi málsins af hálfu UAR sé verulega ábótavant og innihald reglugerðardraga vinni gegn landslögum, stefnu stjórnvalda og almannahagsmunum. UU óska því eftir fundi með ráðherra áður en reglugerðin er tekin til afgreiðslu.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna

Pétur Halldórsson, formaður
S. 848-3540, umhverfissinnar@gmail.com